

## **13. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, 08.02 2011, Végarði kl. 13.30**

Mætt til fundar Lárus, Gunnþórunn, Anna Jóna, Jóhann Fr. og Þorvarður. Einnig voru mættar til fundar Lára Vilbergsdóttir og Sigríður Björnsdóttir.

Oddviti bauð gesti velkomna og gaf Lára Vilbergsdóttur orðið undir 1. lið.

### **Dagskrá:**

- 1. Þorpið-átaksverkefni um vöruþróun og handverk**  
Lára Vilbergsdóttir, verkefnisstjóri
- 2. Skýrsla oddvita**
- 3. 3ja ára fjárhagsáætlun 2012-2014, fyrri umræða**
- 4. Byggingarnefndir, áhrif nýrra laga**  
Umhverfissráðuneytið dags.31.01
- 5. Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs, reglur vegna málefna fatlaðs fólks**
- 6. Laugarfell**
  - a) Verkfundargerð 12.01 og 29.01
  - b) Umhverfishönnun, samingsdrög við Hornsteina arkitekta ehf.
  - c) Rekstrarmál
- 7. Bréf**
  - a) Ríkisendurskoðun, dags. 30.01
  - b) UMFÍ, dags. 28.01
- 8. Fundargerðir**
  - a) Hreindýraráð 12.11 2010
  - b) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 06.01 2011
  - c) Brunavarnir á Austurlandi 25.01
  - d) Austfirskar stoðstofnanir 26.01
- 9. Önnur mál**

### **1. Þorpið-átaksverkefni um vöruþróun og handverk.**

Lára Vilbergsdóttir, verkefnisstjóri kynnti starfsemi Þorpsins og Hús handanna og ræddi um möguleika á framleiðslu handverks til minjagripasölu. Áherslu á að leggja á að handverkið tengist sögu svæðisins, eða hafi aðra skýrskotun til heimabyggðar. Áhugi er á að athuga möguleika á framleiðslu t. d. vattarsaumaðra gripa. Lára óskar eftir að Fljótsdalshreppur leggi átaksverkefninu lið t.d. hvað varðaði framleiðslu minjagripa sem tengjast sögu og fornminjum Fljótsdals.

Í undirbúningi er að halda námskeiði í vattarsaumi í Fljótsdal. Samþykkt að sveitarfélagið beri kostnað af námskeiðsgjöldum fyrir fólk úr Fljótsdalshreppi sem vill sitja námskeiðið og leggi til húsnæði í Végarði, verði þess óskað.

Hugmyndir varðandi framleiðslu minjagripa og markaðssetningu þeirra eru í þróun og því ekki tímabært að taka ákvörðun um frekari aðkomu að framleiðslu minjagripa sem tengjast Fljótsdal.

### **2. Skýrsla oddvita.**

Framkvæmdum við að opna milli sala í Végarði lauk föstudaginn 28. janúar, að öðru leyti en því að rafvirki var að störfum 1.-2. febrúar. Alþrif voru gerð að framkvæmdum loknum og sá Fjarðarþrif ehf um þrifin. Eftir er að finna lausn sem hentar til að hægt sé að loka milli sala, þegar með þarf.

3. febrúar komu áhugasamir aðilar saman á Hallormsstað, til að fjalla um möguleika þess að koma á sumaráætlunarferðum í Fljótsdal, frá Egilsstöðum. Allgóðar líkur eru á að ferðir komist á næsta sumar.

Forvarnarfulltrúi Sjóvar var í heimsókn á svæðinu 28. febrúar og skoðaði félagsheimilið og gistihúsin.

Á aðalfundi Barra hf varð umræða um frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd og áhyggjur eru almennar um að frumvarpið boði öfgasjónarmið og vinni gegn almennum hagsmunum.

Stjórn Heimilis-og skóla- landsamtök foreldra hafa ályktað um niðurskurð fjárframlaga í grunnskólum og krefjast þess að gæði skólastarfs séu tryggð og ekki gengið á lögbundin réttindi skólabarna.

Landsvirkjun hefur sent sveitarfélaginu skýrsluna “ Hreindýratalningu norðan Vatnajökuls með myndatöku úr flugvél 2010,.

Alþingi hefur samþykkt ný skipulagslög sem tóku gildi 1. janúar sl. Í lögum kemur fram að Umhverfisstofnun leggur fram tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu til tólf ára. Ráðgjafi felur Skipulagsstofnun að vinna tillögur að stefnunni. Skipulagsstofnun á að hafa samráð við þau sveitarfélög sem kunna að þurfa að gera breytingar á skipulagsáætlunum sínum vegna landsskipulagsstefnunnar. Sveitarfélög skulu taka mið af landsskipulagsstefnunni við gerð skipulagsáætlana, eða gera rökstudda grein fyrir ástæðum, telji þau að ekki beri að taka mið af samþykktri landsskipulagsstefnu.

Í drögum að endurnýjuðum menningarsamningi ríkis og sveitarfélaga á Austurlandi , er veruleg skerðing á ríkisframlagi , t.d. er framlag til menningarmiðstöðva alveg fellt út. Menningarfulltrúi hefur mælt til að sveitarfélög á svæðinu skeri ekki niður fjárframlög til málaflokksins á sama máta og ríkið gerir í samningsdrögum.

Gengið hefur verið frá samningi við Mannvit verkfræðistofu um skráningu landamerka í Fljótsdal. Landeigendur/ábúendur verða boðaðir til fundar til að kynna þeim á hvaða hátt skráningin fer fram.

### **3. 3ja ára fjárhagsáætlun 2012-2014, fyrri umræða.**

Farið yfir fjárfestingaráætlun sömu ára og fjárhagsáætluninni vísað til annarar umræðu í sveitarstjórn.

### **4. Byggingarnefndir, áhrif nýrra laga**

Umhverfisstofnuneytið, bréf .dags.31.01. Sveitarstjórn samþykkir að áfram skuli starfa byggingarnefnd á vegum sveitarfélagsins og hafin verði undirbúningur að samþykkt fyrir byggingarnefnd og byggingarfulltrúa. Jafnframt verði farið yfir stjórnsýsluferil skipulagsmála í ljósi nýrra laga.

### **5. Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs, reglur vegna málefna fatlaðs fólks.**

Eftirtalin gögn lögð fram:

Reglur um afgreiðslu umsókna fyrir fatlað fólk hjá Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs, Reglur um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks hjá Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs, Reglur um stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra,

Reglur um dagþjónustu og aðstoð vegna atvinnu fyrir fatlað fólk hjá Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs.

Verklagsreglur um feril umsókna, verklag við afgreiðslu umsóknar um skammtímavistun fyrir fatlað fólk hjá Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs og verklagsreglur um afgreiðslu umsókna um skammtímavistun.

Umsóknarform: Umsókn um skammtímavistun hjá Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs.

Umsókn um dagþjónustu og aðstoð vegna atvinnu fyrir fatlað fólk hjá Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs. Umsókn um stuðningsfjölskyldu hjá Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs.

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti framlagaðar reglur, verklagsreglur og umsóknarform.

## 6. Laugarfell

- a) Verkfundargerð 12.01 og 29.01 Kynntar.
- b) Umhverfishönnun, samingsdrög við Hornsteina arkitekta ehf. Kristín Þorleifsdóttir hjá Vist&Vera, hefur dregið sig út úr skipulagsvinnu við hönnunina. Oddvita falið að skrifa undir samning við Hornsteina. Miða skal við að hönnun umhverfis verði í samræmi við áætlað framkvæmdafé.
- c) Rekstrarmál. Samþykkt að undirbúa auglýsingu eftir rekstraraðila fyrir Laugarfellsskála.

## 7. Bréf

- a) Ríkisendurskoðun, dags. 30.01. Minnir á skil á ársreikningi Landbótasjóðs fyrir árið 2010.
- b) UMFÍ, dags. 28.01. Kynnt. Varðar landsmót og unglingslandsmót.

## 8. Fundargerðir

- a) Hreindýraráð 12.11 2010. Kynnt.
- b) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 06.01 2011. Kynnt.
- c) Brunavarnir á Austurlandi 25.01. Kynnt.
- d) Austfirskar stoðstofnanir 26.01. Kynnt.

## 9. Önnur mál.

- a) Oddviti sagði frá hugmyndum hagsmunaaðila á Hallormsstöðum og í Fljótsdal, um að koma á fót almenningssamgöngum yfir sumartímann, frá Egilsstöðum og upp í Fljótsdal. Kynnt var fundargerð frá fundi 3. feb.
- b) Jóhann spurði um stöðu mála varðandi framkvæmdir í Fjallaskarð. Málið er hjá lögmanni sveitarfélagsins.
- c) Þorvarður kom á framfæri ósk Benedikts Jónassonar um að borið yrði malarlag í veginn í Norðurdal, frá Te.ig inn í Þuríðarstaði.
- d) Oddviti sagði frá námskeiði um skipulagsmál, sem fyrirhugað er að haldið verði á Austurlandi, ef næg þátttaka fæst.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.

Þorvarður ritaði fundargerð

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Jóhann F. Þórhallson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)